

FÉLAGS- OG SKÓLAÞJÓNUSTA
Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu
Suðurlandsvegur 1-3, 850 Hella og Austurvegur 4, 860 Hvolsvelli

FUNDARGERÐ 50. FUNDAR

50. fundur í stjórn *Byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu* þriðjudaginn, 19. janúar 2021, klukkan 16. Fundurinn var haldinn í fjarfundaformi Teams.

Mættir: Lilja Einarsdóttir, Brynja J. Jónasdóttir, Þorbjörg Gísladóttir, Haraldur Eiríksson, Þorsteinn M. Kristinsson, Þórunn Jóna Hauksdóttir og Svava Davíðsdóttir.

Þorsteinn M. Kristinsson ritar fundargerð.

Dagskrá:

Skólaþjónusta:

1. Starf iðjuþjálfra á Suðurlandi.

Forstöðumaður skólaþjónustu kynnir erindið fyrir stjórninni.

Starf iðjuþjálfra hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSu) verður auglýst innan tíðar þar sem núverandi iðjuþjálfri lætur af störfum í vor. HSu kannar hug sveitarstjórna í Árnassýslu, Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu og Bergrisans til áframhaldandi samstarfs og þá hvernig þjónusta skuli háttáð. Í gildi hefur verið samstarfssamningur milli sveitarfélaganna og Hsu um málið. Samráðsfundur um fyrirkomulagið verður haldinn þann 20. janúar, en hvert sveitarfélag þarf að greina þörf fyrir iðjuþjálfun.

Stjórn Byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu leggur til að samstarfi um iðjuþjálfra verði haldið áfram, að því gefnu að vilji sé til hins sama hjá öðrum aðilum samningsins og hlutur aðildarsveitarfélaga í stöðugildi aukist ekki.

Stjórn felur forstöðumanni að kynna þessa afstöðu á fundinum 20. janúar n.k. með fyrirvara um samþykki sveitarstjórna.

Félagsþjónusta:

1. Stytting vinnuviku – útfærsla

Félagsmálastjóri kynnir útfærslu á styttingu vinnuvikunnar. Stjórn byggðasamlagsins gerir ekki athugasemdir við útfærslu félagsþjónustunnar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:00.

Lilja Einarsdóttir

Brynja J. Jónasdóttir

Þorbjörg Gísladóttir

Haraldur Eiríksson

Þorsteinn M. Kristinsson

Þórunn Jóna Hauksdóttir

Svava Davíðsdóttir